

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 167/2020

2023/EES/66/22

frá 23. október 2020

## um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21apk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21apk. **32019 R 1842**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi (Stjtið. ESB L 282, 4.11.2019, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1842, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 282, 4.11.2019, bls. 20.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.